

Föstudaginn 10. apríl 1992.

Nr. 141/1991. **Kvikk sf.**

gegn

Guðmundi Þórarinssyni.

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1991. Áfrýjað er dómi aukadómpings Gullbringusýslu 14. mars 1991. Málið var þingfest í Hæstarétti 3. júní 1991, og fékk áfrýjandi þá frest til október 1991. Málinu var síðan að hans ósk frestað til janúar 1992, þá til mars og þá enn til reglulegs þingdags 1. apríl 1992. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti til júnímánaðar til framlagningar dómsgerða, ágrips, greinargerðar og nýrra skjala.

Stefndi hefur mótmælt frestbeiðninni.

Mótmæli sín styður stefndi þeim rökum, að óhæfilegur dráttur hafi orðið á rekstri máls þessa af hálfu áfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Frá því að málið var þingfest í Hæstarétti, hafi því verið frestað nokkrum sinnum, án þess að nokkuð hafi verið gert í málinu fyrr en í febrúar sl., er áfrýjandi óskaði eftir dómkvaðningu matsmanna. Hafi öll þessi töf í málinu valdið stefnda miklu tjóni.

Af hálfu áfrýjanda hefur komið fram, að gert hafi verið ágrip dómsgerða í málinu. Honum sé þó nauðsynlegt að fá frest í málinu til að afla álits dómkvaddra matsmanna á vélum þeim, sem um ræðir í málinu, þar sem sérfróðir meðdómsmenn í héraði hafi ekki skilið réttilega lýsingar á búnaði þeirra.

Lagt hefur verið fram bréf Kristjönu Jónsdóttur borgardómara 1. apríl sl., þar sem hún staðfestir að hafa móttekið beiðni áfrýjanda frá 10. febrúar 1992 um dómkvaðningu matsmanna. Fram kemur í bréfi dómarans, að dómkvaðning hafi dregist, þar sem ekki hafi tekist að finna tvo óvilhalla og hæfa menn til verksins.

Rúmir 10 mánuðir liðu frá útgáfu áfrýjunarstefnu í málinu, þar til áfrýjandi setti fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna. Hefur

áfrýjandi ekki nýtt sér þá fresti, sem hann hefur fengið til öflunar nýrra skjala í málinu.

Með þetta í huga og með því að áfrýjandi hefur ekki réttlætt þessa töf á undirbúningi málsins, þykja ekki efni til, gegn andmælum stefnda, að veita honum frekari frest í málinu en til reglulegs þingdags í maí nk.

Á l y k t a r o r ð:

Framangreindri frestbeiðni er hafnað. Málinu er frestað til reglulegs þingdags í maí 1992.
